

á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað reikninga yfir ferðakostnað m. m. í máli **100**  
 nokkru milli Bólstaðarhlíðarhrepps og Gunnlaugs bónda Gunnlaugssonar á Syðriey — en 12. okt.  
 þjer höfðuð veitt tjeðum hreppi gjafsókn fyrir undirrjettinum til að höfða mál þetta —  
 og hafið þjer lagt það til, að jeg ávísi upphæð reikninganna úr landssjóði þrátt fyrir  
 það, þótt málið ekki væri leitt til lykta með dómi, heldur endaði með sætt milli máls-  
 partanna.

Útaf þessu skal yður hjer með til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar  
 og frekari birtingar, að þegar gjafsókn er veitt, hefur sá málsparturinn, sem hennar nýt-  
 ur, enga heimild til að ganga að þeirri sætt, er leggi kostnað á landssjóðinn, eins og yfir  
 höfðuð kostnaður í gjafsóknarmálum aðeins verður greiddur eptir dómi, sbr. lög 12. júlí  
 1878 5. gr., og sje jeg mjer því eigi fært, að ávísa upphæð ofannefndra reikninga, sem  
 hjer með endursendast.

*Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sýslu-  
 sjóðsgjald af Hlíðar- og Fremrinámum.* — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, **101**  
 herra amtmaður, í brjefi 24. ágúst þ. á., um kærú hreppsnefndarinnar í Skútustaðahreppi 14. okt.  
 yfir því, að jafnað hafi verið á hrepp þenna sýslusjóðsgjaldi eptir jarðarhundraðatali  
 hreppsins að meðtöldu hundraðatali Hlíðar- og Fremrináma, skal jeg þjónustusamlega  
 skora á yður að gefa tjeðri hreppsnefnd til vitundar, að með því að sýslusjóðsgjaldið  
 samkvæmt 40. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 ekki hvílir á hinum ein-  
 stöku jarðeigendum eptir hundraðatali jarðanna, heldur er jafnað niður á hreppana í  
 sýslunni eptir jarðarhundraðatali hreppanna eptir jarðabókinni, og síðan jafnað niður á  
 hreppsþúa í hverjum hreppi eptir alt öðrum reglum, þá geti eigi komið til tals að lands-  
 sjóður sem eigandi Hlíðar- og Fremrináma endurgjaldi Skútustaðahreppi gjald það er á  
 hann hefur verið lagt vegna námanna, en aptur á móti verð jeg þrátt fyrir skoðun þá,  
 sem fram er komin í landshöfðingjabrjefi 25. maí 1881. að álíta að það eptir rjettum  
 skilningi á 40. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar sje Helgastaðahreppur, sem námurnar  
 eru heimfærðar til í jarðabókinni frá 1861, en eigi Skútustaðahreppur, sem á að bera  
 sýslusjóðsgjald það er til námanna svarar.

*Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um  
 greiðslu kostnaðar af vitnaleiðslu um hreppshelgi sveitarómaga.* — Með þóknanlegu **102**  
 brjefi 21. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað meðfylgjandi reikning frá sýslumanni 15. okt.  
 í Dalasýslu, Halldóri Daníelssyni, yfir kostnað af vitnaleiðslu haldinni eptir beiðni sýslu-  
 mannsins í Strandasýslu til upplýsingar um hreppshelgi sveitarómaga, og hafið þjer með  
 skírskotun til þess, að samskonar kostnaður hafi stöku sinnum áður verið greiddur úr  
 amtsjafnaðarsjóði, sbr. dómsmálastjórnarbrjef 8. maí 1848 og 23. desbr. 1856 skotið því  
 til mín, hvort jeg vildi ávísa upphæð reikningsins, 18 kr., úr landssjóðnum samkvæmt  
 lögum 2. nóv. 1877, 2. gr.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknan-  
 legrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumanni Halldóri Daníelssyni, að jeg eigi álit  
 neina heimild vera til þess í lögum 2. nóv. 1877 eða annarstaðar, að greiða kostnað  
 þann, er hjer um ræðir, úr landssjóði, en sýslumaðurinn á aptur á móti kröfu til, að fá

**102** hann endurgoldinn af hlutaðeigandi sveitarfjelagi, sem beiðst hefur vitnaleiðslunnar, að  
15. okt. svo miklu leyti, sem hann hefur eigi fengist borgaður sem kostnaður af lögreglumáli því, er tekið var fyrir í sömu ferðinni, og sem lyktaði svo, að hinir ákærðu undirgengust að lúka sektir og greiða allan kostnað af rannsókninni gegn þeim.

**103** Brjef landshöfðingja til biskupsins um styrk til að útvega prestspjónustu í  
15. okt. brauðum í Vesturskaptafells-prófastsdæmi. — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, háæruverðugi herra, 12. p. m. sendi jeg yður hjer með jarðabókarsjóðsávísun fyrir 400 kr. af fje því, sem með fjárlaganna 13. gr. A b 2 er ætlað til bráðabyrgðaruppþótar fátækum brauðum, en óeytt er enn af þessari fjárveitingu, til þess að þjer verjið þessari upphæd til að útvega brauðum þeim, er laus standa í Vesturskaptafellsprófastsdæmi, einkum Mýrdalspingum, hina nauðsynlegustu prestspjónustu, sem eigi verður útveguð á annan hátt, og bið jeg yður að senda mjer á sínum tíma skýrslu yðar um það, á hvern hátt fjenu hafi verið varið í hinu umrædda augnamiði.

**104** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu, um bú-  
19. okt. aðarskóla handa vesturamtinu í Ólafsdal. — Í þóknanlegu brjefi 9. júlí p. á. hafði þjer, herra amtmáður, samkvæmt ályktun amtsráðsins í vesturamtinu á síðasta aðalfundi þess, lagt það til að búnaðarkennslustofnunin í Ólafsdal verði gjörð að búnaðarskóla fyrir vesturamtíð, og að til hennar megi verja fyrst um sinn, frá byrjun yfirstandandi árs, hinu árlega búnaðarskólalagjaldi úr vesturamtinu og ársvöxtunum af búnaðarskólaskjóði amtsins.

Fyrir því skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg samþykki hjer með nefnda tillögu yðar.

#### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögunum fyrir 1884 og 1885

10. gr. C. 5. b.

Samþykktar tillögur amtsráðsins í norður- og austuramtinu um að 3300 kr., sem veittar voru til að styrkja sýsluvegasjóði í norður- og austuramtinu til að bæta sýsluvegi á aðalþótleiðum (sbr. Stj.tíð. p. á. B. bls. 59) verði varið þannig, að Húnavatnssýsla fái 490 kr., Skagafjarðarsýsla 110 kr., Eyjafjarðarsýsla 980 kr., Suðurþingeyjarsýsla 310 kr., Norðurmúlasýsla 310 kr og Suðurmúlasýsla 1100 kr.

#### FRAMKVÆMDARSTJÓRI VIÐ LANDSBANKANN.

24. oktbr. var yfirdómari L. E. Sveinbjörnsson af landshöfðingja skipaður framkvæmdarstjóri við banka þann, er samkvæmt lögum 18. septbr. 1885 á að stofna í Reykjavík, með launum eptir 25. gr. laganna frá þeim tíma er bankinn tekur til starfa, og með hálfis árs uppsagnarfresti.

#### SÝSLANIR VIÐ LANDSBANKANN.

Þeir sem óska að koma til greina þegar skipaður verður bókarí og fjehirðir við banka þann, er stofna skal í Reykjavík samkvæmt lögum 18. september 1885, og sem gjört er ráð fyrir, að muni taka til starfa á næstkomanda sumri, á þeim tíma, er síðar mun verða nákvæmar auglýst, þó eigi fyrri en 1. júlímánaðar, eiga að senda umsóknarbrjef sín um þessar sýslanir til landshöfðingjans yfir Íslandi innan 26 nóvember næstkomandi. Fjehirðir bankans á að setja veð, sem ákveðið er að vera skuli 4000 kr. í konunglegum skuldabryfum, eða þriðjungi herra veð með fyrsta forgangsrjetti í jarðeignum eða í váttryggðum húseignum í Reykjavík.